

LÖGMANNABLAÐIÐ

12. árgangur / október / 3/2006

Hvannadalshnjúkur



- Umfjöllun um dóma Hæstaréttar
- Heimsókn LMFÍ til San Francisco
- Nýsamykkt lög frá Alþingi



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Fagtengt efni

Ingimar Ingason:

Ábyrgð sjáfstætt starfandi lögmannna á „fulltrúum“

6

Erla S. Árnadóttir:

Heimsókn á lögmannsstofuna Morgan Lewis í San Francisco

13

Garðar G. Gíslason:

Að gefnu tilefni

17

Bragi Björnsson:

Málþing um nýtt réttarfar í sakamálum

19

Davíð Þór Björgvinsson:

Ráðstefna um tjáningarfrelsið

23

Jóhannesson Rúnar Jóhannsson:

Hugleiðing um dóm Hæstaréttar frá 21. júlí 2006

24

Sveinn Andri Sveinsson:

Vísað í hæpnar forsendur

25

Hróbjartur Jónatansson:

Hinir órannsakanlegu vegir Hæstaréttar

26

Guðrún Björk Bjarnadóttir:

Nýsamþykkt lög frá Alþingi

28

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:

Frá ritstjórn

4

Helgi Jóhannesson:

Pistill formanns

18

Eyrún Ingadóttir

Fréttir frá félagsdeild

22

Á léttum nótum

Margrét Gunnlaugsdóttir:

Gengið á toppinn

9

Af Merði lögmanni

12

Golfmót LMFÍ 2006

16

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-7057

Netfang: (E-mail): lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttur hdl.,

Sigurður Arnalds hrl.,

Svanhvít Axelsdóttir hdl.,

Tómas Eiríksson hdl.,

Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMADUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Helgi Jóhannesson hrl., formaður

Helga Jónsdóttir hdl., varaformaður

Ástríður Grímsdóttir hdl., ritari

Stefán Geir Þórisson hrl., gjaldkeri

Lárentsínus Kristjánsson hrl., meðstjór-
andi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri

Eyrún Ingadóttir félagsdeild

Hjördís J. Hjaltadóttir ritari

Forsíðumynd: Hópur lögmannna á

Hvannadalshnjúki

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn

kr. 2.000 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 700 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.,

Sími 533 4440

ISSN 1670-2689



nashuatec



litur gerir gæfumun

veldu lit

veldu gæði

veldu Nashuatec

OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 588 9000

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

Efni þessa blaðs er afar fjölbreytt og endurspeglar vel það hlutverk Lögmannablaðsins að vera lifandi vettvangur umræðu og upplýsinga um málefni sem varða lögmennt og störf þeirra. Við köllum það gjarnan fagtengt efni. Þá miðlar blaðið einnig upplýsingum af viðburðum í félagslífi lögmannna. Hópar á vegum Lögmannafélagsins hafa nú bæði klifið hæsta tind landsins, heimsótt starfssystkini í San Francisco og keppt í golfi og fótbolta. Þessi starfsemi er mikilsverður liður í tengslamyndun lögmannna innbyrðis. Mikilvægi tengslamyndunar er efni pistils Helga Jóhannessonar, formanns lögmannafélagsins. Hann bendir á að tengslamyndun milli lögmannna sé ekki síður mikilvæg en að halda og styrkja tengslanet við viðskiptavinina.

Markaðsmálin verða líka sífellt mikilvægari og þá skiptir tengslamyndun miklu ekki síður fyrir lögmennt en önnur fyrirtæki. Það þarf, eins og fram kemur hjá formanninum, bæði að halda tengslum við viðskiptavinina sem þegar eru í viðskiptum við stofurnar og mynda ný tengsl vegna nýrra verkefna. Menn geti ekki skellt skollaeyrum við þessu. Markaðssetning lögmannsstofa virðist annars vera mjög hófstíllt. Menn hafa tekið mið af ákvæðum siðareglna lögmannna sem segja að lögmaður megi auglýsa og kynna þjónustu sína svo sem samrýmist góðum lögmannsháttum. Lítið hefur verið um beinar auglýsingar í dagblöðum, hvað þá heilsíðumynd af syrgjandi ekkju eins og birtist t.d. í Berlinske tidende á dögunum með auglýsingu um ráðgjöf í erfðamálum. Það vekur spurningu um það hvort íslenskir lögmennt þurfi almennt ekki að auglýsa þjónustu sína eða þeir telji siðareglurnar setja sér skorður í því efni.

Nýr úrskurður úrskurðarnefndar lögmannna er umfjöllunarefni framkvæmdastjóra félagsins og beinir ljósi að ábyrgð sjálfstætt starfandi lögmannna á fulltrúum og skýrir hana. Mikilvægt er að fá leiðbeiningar í þessu efni en með fjölgun lögmannna og stækkun lögmannsstofa hefur lögmonnum

sem starfa sem launþegar á lögmannsstofum, og falla undir undanþáguheimildir 2. tl. 2. mgr. 12. gr. lögmannalaga, fjölgað og eru nú rúmlega eitt hundrað, auk þess sem tala löglærðra fulltrúa skiptir tugum.

Lögmannablaðið er kjörinn vettvangur lögfræðilegrar umræðu. Ég tel afar mikilvægt að lögmennt og aðrir lögfræðingar fjalli um og skiptist á skoðunum um lögfræðileg málefni. Í blaðinu eru að þessu sinni fjórar slíkar greinar, sem ástæða er til að vekja athygli á. Þessi vettvangur er ekki aðeins opinn fyrir lögmennt. Aðrir geta einnig sent inn greinar.

Þá er það nýmæli að fjallað er um nýja löggjöf. Markmiðið er að gefa yfirlit yfir lög samþykkt á síðasta þingi og sem geta haft þýðingu fyrir lögmennt. Lögmannablaðið miðlar einnig fróðleik um fundi og ráðstefnur samanber umfjöllun í blaðinu.

Umfjöllun um málefni lögmannna og lögmannsstofa í erlendum viðskiptablöðum hefur vakið athygli mína enda er slík umfjöllun fátíð hér á landi. Börsen, danska viðskiptablaðið, birti nýlega heilsíðugrein undir yfirskriftinni: *Fleiri vilja verða lögmennt*. Þar er sagt frá aukinni aðsókn að réttindanámskeiðunum, góðum atvinnuhorfum ungra lögmannna og áherslur stofanna við val á milli umsækjenda. Námsárangur, persónuleiki og heildarmat á því hvernig viðkomandi kemur fyrir, reynsla af námi eða starfi erlendis og jafnvel hvort viðkomandi hafi gott viðskiptavit er nefnt þótt matið sé auðvitað mismunandi eftir stofum. Í greininni kemur einnig fram að laun fulltrúa taki yfirleitt mið af ráðgjöf lögmannafélagsins sem mæli með að launin séu 31.000 dkr. á mánuði fyrir fyrsta árs fulltrúa, 34.600 fyrir annars árs fulltrúa og 38.500 fyrir þriðja árs fulltrúa. Samkeppnislög eru því augljóslega ekki talin ná til samræmingar á launakostnaði.



– og engin þörf á „málamiðlun“



DATA COPY

- fjölnotapappír er ávallt jafn hvítur og sléttur.
- öruggur í allar gerðir skrifstofuprentara,
- ljósritun, bleksprautu og laserprentun.
- vistvænn og aldursþolinn (ISO 9706).



hvítlist

PAPPÍR TIL PRENTUNAR

Krókhálsi 3 - 110 Reykjavík - Sími: 569 1900

Fax: 569 1901 - Netfang: hvitlist@hvitlist.is



„hverrar krónu virði“



Ingimar Ingason

Ábyrgð sjálfstætt starfandi lögmannanna á „fulltrúum“

Í gegnum tíðina hafa allnokkrar greinar birst í íslenskum lögfræðitímaritum þar sem fjallað hefur verið um ábyrgð lögmannanna í tengslum við störf þeirra. Sérstaklega hafa þessi skrif tengst aukinni ábyrgð sjálfstætt starfandi lögmannanna sem sérfræðinga og vegna einkaréttar þeirra á málflutningi fyrir dómstólum. Lítið hefur hins vegar verið ritað um ábyrgð annarra löglærðra starfsmanna, hvort heldur sem er löglærðra fulltrúa án málflutningsréttinda eða lögmannanna sem starfa á grundvelli undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. lögmannalaga nr. 77/1998. Gera má ráð fyrir að slíkt stafi sumpart af því að þessi hópur var lengi framan af fámennur og einnig af því að lengi hefur verið litið svo á að aðrir löglærðir starfsmenn á lögmannsstofum en sjálfstætt starfandi lögmennt, störfuðu þar í umboði og á ábyrgð eigenda stofanna. Hefur í þeim tilvikum almennt ekki verið gerður greinarmunur á löglærðum fulltrúum án málflutningsréttinda annars vegar og undanþágulögmönnum hins vegar og orðið „fulltrúi“ eða „lögmannsfulltrúi“ látið ná til beggja hópa. Með fjölgun lögmannanna og stækkun lögmannsstofa hin síðari ár hefur þessum starfsmönnum lögmannsstofa hins vegar fjölgað umtalsvert og starfa nú rúmlega eitt hundrad lögmennt á lögmannsstofum á grundvelli undanþáguheimildar 2. t. l. 2. mgr. 12. gr. lögmannalaga, auk þess sem tala löglærðra fulltrúa skiptir tugum.

Nýlega kvað úrskurðarnefnd lögmannanna upp athyglisverðan úrskurð í máli nr. 14/2005, þar sem reyndi

á hugsanlega ábyrgð sjálfstætt starfandi lögmanns og lögmanns sem hjá honum starfaði á grundvelli 3. mgr. 11. gr., sbr. 2. t. l. 2. mgr. 12. gr. lögmannalaga nr. 77/1998, sbr. lög nr. 93/2004. Í ljósi niðurstöðu úrskurðarnefndar í þessu máli er ekki úr vegi að skoða aðeins hvaða reglur gilda um faglega ábyrgð undanþágulögmannanna og löglærðra fulltrúa sem starfa á lögmannsstofum.

Ábyrgð á „löglærðum fulltrúum“

Enda þótt orðin „fulltrúi“ eða „lögmannsfulltrúi“ séu í daglegu tali bæði látin ná til þeirra löglærðu starfsmanna á lögmannsstofum sem fengið hafa staðfestingu sem fulltrúar á grundvelli 1. mgr. 11. gr. lögmannalaga og þeirra sem aflað hafa sér málflutningsréttinda og starfa á grundvelli 3. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 2. t. l. 2. mgr. 12. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 93/2004, gera lögmannalögin verulegan greinarmun á þessu tvennu þegar kemur að ábyrgð. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. lögmannalaganna, getur lögmaður ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1.– 4. t. l. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. laganna, þ.e. löglærðan fulltrúa án málflutningsréttinda. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar getur slíkur lögmannsfulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmuna umbjóðanda vinnuveitandans, þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmedferð máls. Í þessu ákvæði er afdráttarlaust

kveðið á um vinnuveitandaábyrgð hins sjálfstætt starfandi lögmanns á löglærðum fulltrúum sínum sem aðeins geta komið fram í umboði lögmannsins við hagsmunagæslu fyrir skjólstæðinga hans eða í öðrum verkum. Þessi staða endurspeglast síðan í inntaki 1. mgr. 38. gr. síðareglna lögmannanna þar sem skýrt er kveðið á um að lögmaður beri persónulega ábyrgð á lögmannsstörfum sínum og fulltrúa sinna. Sama má reyndar segja um ákvæði 1. mgr. 40. gr. síðareglna lögmannanna þar sem segir að lögmaður skuli hafa góða skipan á skrifstofu sinni, vaka yfir störfum starfslíðs síns og líta eftir því að lögmannsfulltrúar fylgi góðum lögmannsháttum. Það er m.ö.o. á ábyrgð sjálfstætt starfandi lögmannanna að sjá til þess að störf löglærðra fulltrúa standist þær kröfur sem síðareglur gera til lögmannanna enda eru þau unnin í nafni og á ábyrgð lögmannanna sjálfra.

Ábyrgð á „undanþágulögmönnum“

Í 3. mgr. 11. gr. lögmannalaganna er sjálfstætt starfandi lögmanni svo veitt heimild til að ráða til starfa hjá sér annan lögmann og ber þá sá fyrrnefndi ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti. Hér er um að ræða heimild til handa sjálfstætt starfandi lögmanni til að ráða til sín löglærðan aðila, með virk málflutningsréttindi sem starfar á grundvelli undanþáguákvæðis 2. t. l. 2. mgr. 12. gr. lögmannalaganna, sbr. 7. gr. laga nr. 93/2004, og annast getur málflutning fyrir héraðsdómstólum og eftir atvikum Hæstarétti. Í ákvæðinu

SÉRSTAKT FYRIR ÞIG - SJÁLFSAGT FYRIR OKKUR

HR 19/2004, 2004/01/01



www.spron.is • Sími 550 1200

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA
- Í ÖLLUM ÚTIBÚUM

er hins vegar gengið mun skemur hvað varðar ábyrgð hins sjálfstætt starfandi lögmanns en þegar um „fulltrúa“ er að ræða, þar sem ábyrgð hans, þ.e. hins sjálfstætt starfandi lögmanns, nær eingöngu til fjárvörslu- og fébótaábyrgðar á störfum undanþágulögmannsins. Þá er í ákvæðinu hvergi minnst á að slíkir undanþágulögmenn komi fram í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns eins og þegar um fulltrúa er að ræða. Í ljósi þessa hafa verið nokkuð skiptar skoðanir um það hversu langt ábyrgð hins sjálfstætt starfandi lögmanns nær í tengslum við störf undanþágulögmanns sem hjá honum starfar. Þessi skoðanaskipti endurspeglast m.a. í áður nefndum úrskurði úrskurðarnefndar lögmanna þar sem sjálfstætt starfandi lögmaður og undanþágulögmaður, sem hjá honum starfaði, höfðu verið kærðir vegna meints brots á meðferð trúnaðarupplýsinga við framlagningu skjala í dómsmáli. Í kærinni til nefndarinnar var því m.a. haldið fram að bæði undanþágulögmaðurinn og hinn sjálfstætt starfandi lögmaður bæru sameiginlega ábyrgð í málinu. Sá fyrrnefndi á grundvelli þess að hafa skrifað stefnu og undirritað hana í umboði hins sjálfstætt starfandi lögmanns auk þess að sjá um öll samskipti vegna málsins. Sá síðarnefndi væri hins vegar ábyrgur þar sem hann bæri, samkvæmt 1. mgr. 38. gr. síðareglna lögmanna, ábyrgð á störfum fulltrúa sinna.

Í málinu komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á rétti kæranda með framlagningu umræddra upplýsinga. Nefndin klofnaði hins vegar í afstöðu sinni til þess hvort fella ætti ábyrgð á báða lögmennina eða aðeins á hinn sjálfstætt starfandi lögmann. Meirihluti nefndarinnar taldi að aðeins hinn sjálfstætt starfandi lögmaður bæri ábyrgð í málinu þar sem undanþágulögmaðurinn hafði undirritað stefnuna í málinu, og framlögð skjöl, fyrir hans hönd. Í niðurstöðu meirihlutans segir m.a.:

„Umsækjandi að leyfi til að vera héraðsdómslögmaður vinnur að því skriflegt heit, að viðlögðum drengskap, að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni, sbr. 1. mgr. 8.

gr. lögmannalaga, nr. 77/1998 (LML).

Sá, sem fengið hefur útgefið slíkt leyfi, héraðsdómslögmaður, getur ýmist starfað sjálfstætt, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem fram koma í LML, sbr. t.d. 1. mgr. 12. gr. laganna, eða starfað hjá öðrum lögmanni eða lögmönnum og er hann þá undanþeginn skyldu að hafa opna skrifstofu og að hafa fjárvörslureikning og starfsábyrgðartryggingu. Sá lögmaður, sem hann starfar hjá, ber ábyrgð á fjárvörslum slíks starfsmanns síns og ber fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti, sbr. 3. mgr. 11. gr. LML.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. LML getur sá, sem telur lögmann hafa í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða síðareglum lögmanna, lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanningnum. Í ákvæðinu er ekki greint milli þess hvort um sjálfstætt starfandi lögmann sé að ræða eða lögmann, sem starfar hjá öðrum lögmanni. Samkvæmt þessu er ekki útilokað að kvarta yfir háttsemi lögmanns vegna starfa hans, þótt hann starfi hjá öðrum lögmanni.

Í stefnu [Z] gegn kæranda kemur fram að það var kærði [A] sem fór með fyrirsvar í dómsmálinu. Kærði [B] ritadi undir stefnuna fyrir hönd kærða [A] og virðist að öðru leyti eingöngu hafa unnið að málinu í umboði hans. Úrskurðarnefndin telur rétt í þessu tilviki að líta svo á að kærði [A] hafi einn borið lögmansábyrgð við málsóknina gagnvart kæranda, þ.á. m. að því er varðaði ákvörðun um öflun, notkun og framsetningu gagna í dómsmálinu. Telst kærði [B] samkvæmt þessu ekki hafa gert á hlut kæranda með háttsemi sem stríðir gegn lögum eða síðareglum lögmanna“.

Minnihluti úrskurðarnefndar, sem reyndar komst einnig að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á rétti kæranda, taldi hins vegar báða lögmennina ábyrga gagnvart kæranda, með þeim rökstuðningi að lögmannalögin gerðu ekki greinarmun á ábyrgð handhafa málflytningarréttinda eftir því hvort um sjálfstætt starfandi lögmann væri að ræða eða undanþágulögmann. Þeir sem á annað borð væru með virk málflytningarréttindi væru opinberir sýslunarmenn í skilningi 3. mgr. 1. gr. og eftir atvikum 8. gr. lögmannalaga og ábyrgð sjálfstætt starf-

andi lögmanns á undanþágulögmanni sem hjá honum starfaði á grundvelli 2. t.l. 2. mgr. 12. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr. laganna, takmarkaðist við fjárvörslu og fébótaábyrgð á störfum hans. Að öðru leyti hefði undanþágulögmaður, á grundvelli réttinda sinna, sjálfstæðar skyldur og sjálfstæða ábyrgð. Því taldi minnihluti nefndarinnar að enda þótt sá gerningur sem málið snérist um hafi verið unninn fyrir hönd hins sjálfstætt starfandi lögmanns gæti undanþágulögmaðurinn ekki skýlt sér á bak við það.

Niðurstæða úrskurðarnefndar lögmanna í þessu máli verður vart túlkuð öðruvísi en svo að undanþágulögmenn geti, sem starfsmenn sjálfstætt starfandi lögmanna, borið sjálfstæða faglega ábyrgð með sama hætti og vinnuveitendur þeirra. Munurinn á réttindum og skyldum þeirra sem lögmanna felist eingöngu í því að undanþágulögmaður þarf ekki að hafa opna skrifstofu, hafa fjárvörslureikning og starfsábyrgðartryggingu, líkt og hinn sjálfstætt starfandi lögmaður. Munurinn á niðurstöðu meiri- og minnihluta nefndarinnar liggur hins vegar í því að meirihlutinn telur að undanþágulögmaður geti losnað undan faglegri ábyrgð samkvæmt lögmannalögnum þegar hann í störfum sínum kemur fram eða undirritar skjöl fyrir hönd vinnuveitanda síns.

Þessi niðurstæða úrskurðarnefndar er mjög athyglisverð, hvort heldur sem lítið er til niðurstöðu meiri- eða minnihlutans. Hún, eða öllu heldur lögmannalögin, setur undanþágulögmenn á lögmannsstofum í nokkuð erfiða stöðu þar sem boð- og skipunarvald vinnuveitandans, á grundvelli vinnusamnings tveggja aðila, getur leitt til þess að á þá fellur fagleg ábyrgð. Þessi stæða getur reyndar einnig komið upp hjá þeim lögmönnum sem starfa á grundvelli undanþágu samkvæmt 1. t.l. 2. mgr. 12. gr. lögmannalaganna, þ.e. gegna föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, en þó er sá grundvallarmunur á að hinir síðarnefndu geta ekki veitt öðrum en vinnuveitanda sínum þjónustu sem lögmenn á sama tíma og undanþágulögmaður á lögmannsstofu starfar alla jafna fyrir þriðja aðila.



Þátttakendur þurftu að vera tilbúnir í gönguna klukkan fimm um morguninn. Á þessari mynd leggur Haraldur Örn Ólafsson lífsreglurnar og alvarleikinn leynir sér ekki. Í andlitum ferðalanga má lesa sambland af ákveðni og kvíða fyrir ófarinni slóð.

Gengið á toppinn

Ganga LMFÍ á Hvannadalshnjúk vorið 2006

Hinn 13. maí sl. fór hópur á vegum Lögmannafélags Íslands í göngu á Hvannadalshnjúk. Það voru syfjaðir ferðalangar sem hófu gönguna á toppinn við Sandfell klukkan 5 á laugardagsmorgni ásamt Haraldi Erni Ólafssyni, lögmanni og fjallgöngukappa, sem hafði tekið að sér fararstjórn en hann hafði fjóra aðra sér til aðstoðar.

Það var fremur blendin tilfinning hjá þátttakendum sem voru að fara á hnjúkinn í fyrsta sinn. Fyrir okkur lá fjallganga upp á hæsta tind landsins og tilhlökkunin að takast á við 2110 metra tindinn blandaðist saman við efasemdir og kvíða fyrir hinu líkamlega

erfiði sem í vændum var. Flestir höfðu þó þrappað upp Esjuna nokkrum sinnum enda markmið þrekþjálfunar fyrir göngu á Hvannadalshnjúk að geta gengið upp að Steini, sem er við Þverfellshorn Esjunnar, á einni klukkustund.

Veðrið var með besta móti en það hafði snjóað um nóttina og því lá hvít föl yfir jörðu. Gangan sóttist vel og þegar komið var í rúmlega 1000 metra hæð var gengið á sjálfan jökulinn. Á þeim tímamarki var sjálfstraust manna með allra besta móti enda hópurinn kominn verulega áleiðis og blés varla úr nös.

Allir voru girtir klifurbeltum og festir við línur og fór leiðsögumaður fyrir hverri línu. Villy var leiðsögumaður með línu undirritaðrar en hún er vön kona í björgunarsveit. Áður en haldið var af stað hélt hún stutt erindi um helstu öryggisatriði, svólítið eins og við værum að fara í flug. Kenndi hún okkur að nota ísöxina með sérstakri tækni sem þarf að beita til að forða því að hrapa ofan í jökulsprungu.

Í fimm línur leið hópurinn hljóðlega áfram yfir jökulinn eins og yfir eyðimörk en það er ekki til síðs að vera spjalla mikið í línu, einbeitingin fer í að ganga í takt við aðra, vera í



Rétt vestan við Sandfell hófst gangan. Örlítil snjófól var í hlíðum fjalla. Kalt og stillt veður. Í byrjun var gengið upp, upp, upp.

Töluvert erfiðara var að ganga á jöklinum á bakaleiðinni þar sem áliðið var dags og snjórinn hafði bráðnað. Fór nú að reyna á úthaldið bæði hið líkamlega og ekki síður hið andlega. Það er til að mynda ekkert grín fyrir geðvondar konur að ganga í línu með sex öðrum eftir tólf tíma göngu! Ekki batnaði ástandið eftir að maður losnaði úr línunni. Leiðin hafði einhvern veginn lengst til muna á bakaleiðinni og var óþekkjanleg eftir að snjórinn var farinn. Það voru allra síðustu leifar af úthaldi sem skiluðu undirritaðri á leiðarenda og var þá þrekið löngu þorrið og geðvonskan ein eftir.

Það var misjafnlega mikið af mönnum dregið þegar sest var að veisluborði á Hótel Skaftafelli í Freysnesi um kvöldið. Allir voru þó glaðir og verulega útiteknir. Það sem eftir lifði af viljastyrk var notað til að komast í gegnum súpu og aðalrétt en meðvirkni réð mestu um að pantaður var desert. Svefninn sótti flesta í fyrra falli þetta kvöld en einhverjir urðu þó til þess að halda merki félagsins á lofti fram yfir miðnætti.

Sunnudagurinn 14. maí heilsaði með blíðviðri og landslagið í kringum Skaftafell var eins og stórt málverk. Stoltið yfir afreki gærdagsins varð til þess að þreytan vék um stund og á meðan búist var til heimferðar óx stærilætið. Sú hugsun kom jafnvel upp að þetta ætti maður eftir að gera aftur!

Margrét Gunnlaugsdóttir hdl.

Þegar komið var upp á Örfæfajökul þurftu ferðalangar að klæðast belti og vera bundnir saman í línu. Lítið reyndi hins vegar á línurnar þar sem fáar sprungur voru í jöklinum.

réttri fjarlægð og hafa auga með jökulsprungum. Veðrið var afar stillt og milt og glitti í sólina í gegn um skýjahulu með reglulegu millibili.

Sjálfur hnjúkurinn er fjall á jöklinum, um 300 m hátt. Þegar þangað var komið tók göngufólkið af sér bakpoka og fór í mannbrodna utan yfir gönguskó áður en haldið var af stað í síðasta hluta göngunnar. Flestir voru á spánýjum broddum sem leigðir höfðu verið hjá Ferðafélagi Íslands. Nokkuð átak þurfti til að klífa hnjúkinn sjálfan sem er allbrattur og þá reyndi verulega á klifurgæjurnar, bæði mannbrodna og ísaxir. Að lokum náði hópurinn alla leið upp á topp.

Að standa á hæsta tind landsins eftir átta tíma göngu er einstök tilfinning sem ekki verður með orðum lýst. Sjálfánægja vegna afreksins, í bland við tilfinningasemi, braust út í miklum gleðilátum og húrrahrópum. Því miður var skyggni ekki eins og best verður á kosið en sólin skein og hópurinn naut augnabliksins til hins ýrasta. Eftir smá viðdvöl kólnaði all svakalega og við komumst að raun um að það næðir um mann á toppnum. Myndavélar hættu að virka og eftir hálf tíma dvöl var mönnum ekki til setunnar boðið og var haldið af stað niður af hnjúknum. Eftir að hafa haft skamma viðdvöl við rætur tindsins var haldið skipulega til baka niður af jöklinum. Er óhætt að segja að þá hafi erfiðasti hluti göngunnar tekið við.

Það tilkynnist að ég hef komið aftur til starfa á stofu minni á Suðurgötu 12, Reykjavík. Ég hef sérhæft mig í matsmálum einstaklinga sem hlotið hafa vægan til meðalalvarlegan heilaskaða og tek að mér að gera taugasálfræðilegt mat á þeim hópi.

Dr. Puriður J. Jónsdóttir
Sérfræðingur í klínískri taugasálfræði
Símar 551 4611 og 860 0511
netfang ruri@fsa.is



Það hefur löngum verið vitað að það getur verið kalt á toppnum. Þorsteinn Haraldsson, veðraður eftir gönguna.

Þegar gengið var á sjálfan hnjúkinn var skyggni orðið slæmt. Ferðalangar voru í línu en nú komnir með ísöxi í hönd og brodda á fætur.



Síðustu metrana var höndum krækt saman og gengið saman á toppinn. Greinarhöfundur, Margrét Gunnlaugsdóttir er önnur frá vinstri.



Þrátt fyrir lítið útsýni af hæsta tindi Íslands fögnuðu menn gríðarlega þegar þeir náðu á toppinn. F.v. Kristín Edwald, Helgi Jóhannesson, Haukur Örn Birgisson og Vífill Harðarson.



Á niðurlleið hristi hnjúkurinn af sér dumbunginn og sýndi sig, ferðalöngum til mikillar gleði. Fljótt skipast veður í lofti.

Af Merði lögmannni

Mörður var á leið til Ameríku með lögmannafélaginu. Hlakkaði til að koma til lands frelsisins og losna við eftirlits- og rétttrúnaðarsamfélagið í heila viku. Ekki var verra að ferðinni var heitið til San Fransískó, borgar Janisar Joplin og fleiri þekktra hippa. Sá Mörður fyrir sér margra daga bóhemlíf með frjálsum ástum í hinni sólríku Kaliforníu.

Ferðin byrjaði nú ekkert sérstaklega vel því Mörður fékk sér aðeins of mikið neðan í því á leiðinni út. Komst Mörður því fljótlega á trúnó og talaði hátt við litla hrifningu samferðamanna sem áttu sér enga undankomuleið í 35 þúsund fetum. Formanni lögmannafélagsins, sem er þekktur fyrir rósemi og þolinmæði, fannst nóg um leiðindi Marðar og spurði flugfreyjurnar hvort ekki væri möguleiki á millilendingu eða a.m.k. að fá fallhlíf fyrir sig. Mál þetta leystist þó farsællega þegar svefntöflu var laumað í drykk Marðar og var hann til friðs eftir það.

Þegar Mörður var vakinn eftir lendingu, timbraður og illa útlitandi, byrjuðu hremmingar hans fyrir alvöru og stóðu þar yfir alla ferðina. Eftir að hafa tekið fingraför, mynd og skannað augun neitaði tollgeslan að hleypa honum inn í landið þar sem útlit Marðar var ekki talið vera eðlilegt. Hann var hátaður úr hverri spjör í leita að hugsanlegum eggvopnum eins og naglaklippum. Ekki fundust þó nein hettuleg taki og tól en það var samt ekki fyrr en ræðismaður Íslands í Kaliforníu mætti á svæðið að Merði var sleppt og var hann leiddur skjálfsandi út í rútuna sem beið ferðalanganna. Þar tók ekki betra við því þar beið amerískur fararstjóri með rödd sem hentar ekki mönnum sem eru illa á sig komnir.

Mörður komst þó klakklaust á hótelið og ákvað að byrja á því að fara á barinn til að rétta sig við eftir ósköpin. Gekk snurðulaust að panta viski og allt var rólegt kringum Mörð þar til hann kveikti sér í vindli. Starfsfólkið hrópaði og æpti og sýndist Merði að skvett yrði á hann vatni ef hann næði ekki að slökkva í á ljóshraða. Hann skellti því viskiinu yfir vindilinn og í þann mund kom sjokkeraður þjónn sem tilkynnti Merði að ekki væri reykt innanhúss í Ameríku. Mörður brá sér því út fyrir hótelið í sömu erindagjörðum en ekki tók betra við því ekki má reykja innan 20 fet frá húsum. Þar sem San Fransískó er þéttbýl var ekki hægt að reykja í borginni enda hvergi meira en 40 fet á milli húsa. Mörður náði því ekki að reykja fyrr en á fjórða degi og þá í óbyggðum Kaliforníu. Munaði litlu að skógareldar hlytust af reykningum Marðar þar.

Mörður var því frekar úrillur þegar kom að fræðilegum hluta ferðarinnar. Var jafnvel að hugsa um að sleppa þeim þætti enda skildi hann litlið í ensku og talaði enn minna. Ákvað þó að fara í fyrirhugaða ferð á lögmannsstofu þar sem hugsanlega yrði búið upp á veigar sem létt gætu lundina. Það brást þó einsog annað. Amerísku lögmanninum var tíðrætt um heimilislausu og pro bono vinnu þeirra í San Fransískó. Þar sem Mörður gat aldrei lært latínufrasana í deildinni vissi hann ekki hvað pro bono þýddi fyrr hann fletti því upp eftir heimkomuna. Komst þá að því að hann hefði unnið pro bono meira og minna allan lögmannsferilinn og skildi ekkert í því hvernig amerísku lögmenirnir gátu samt haft margar milljónir dollara í laun á ári.

Ekki varð Merði að ósk sinni um bóhemlíf og frjálssar ástir í ferðinni. Mörður sá hvorki hippa né konur sem voru líklegar til ástarleikja. Sýndist honum íbúarnir vera sambland af útigangsmönnum, kínverjum og homnum nema að þeir væru allt í senn. Til að bæta gráu ofan á svart var Mörður, sem hefur verið þjakaður af hommafóbíu alla ævi, plataður á hommabár. Sat Mörður þar hnípinn og óttasleginn og fékk að hanga í pilsfaldinum á kvenkynskollega. Lenti þó ekki í neinu enda hefur hann ekki fylgt tiskunni og var ekki í bleikri skyrtu eins og nokkrir kollegarnir að heiman. Sumir þeirra fengu meira að segja tilboð um ættleiðingu, strokur á ýmsum stöðum og nafnspjöld með heimboði!

Ekki gat Mörður heldur nýtt ferðina sem sólarlandiferð. Þoka lagðist yfir San Fransískó við komu Marðar og létti víst ekki fyrr en við brottför hans. Hitinn var því ekki meiri en á góðum vordegi á Raufarhöfn þar sem Mörður ólst upp. Kom það því Merði illa að hafa ekki tekið með sér önnur fót en einar stuttbuxur og tvennar hawaiikeyrtur.

Heimsókn á lögmannsstofuna Morgan Lewis í San Francisco

Víkuna 2.–9. september sl. dvaldi hópur íslenskra lögmannna í San Francisco og heimsótti m.a. eina af stærstu lögmannsstofum Bandaríkjanna, Morgan Lewis & Bockius LLP. Morgan Lewis hefur 20 starfsstöðvar, þar af sex utan Bandaríkjanna, og þar starfa um 1.450 lögmennt. Nýjasta útibúið var opnað í Peking í Kína á þessu ári. Hvað Kaliforníu varðar hefur stofan haft starfsstöð í Los Angeles frá 1976 en við sameiningar á árinu 2003 hóf hún einnig starfsemi í Palo Alto og San Francisco.

Í upphafi heimsóknarinnar, í glæsilegum húsakynnum stofunnar á 28. hæð í Spear Street Tower í fjármála-hverfinu, gæddum við okkur á kræs-ingum af morgunverðarhlaðborði. Á

Gengið var um glæsileg húsakynni Morgan Lewis.

móti okkur tóku Joan M. Haratani og James N. Penrod, sem eru meðal eigenda stofunnar, og Caryn S. Schreiber, starfsmannastjóri nýráðninga. Joan situr í stjórn *Bar Association of San Francisco* og James á sæti í stjórn *State Bar of California* en starfandi lögmennt í Kaliforníu eru skyldugir að vera aðilar að þeim samtökum. Einnig fylgdi Jim Weixel okkur í skoðunarferð um húsakynni stofunnar en hann situr í stjórn *San Francisco Bar Association* ásamt Joan. Að lokinni skoðunarferð hittum við nokkra lögmennt frá stofunni og öðrum lögmannsstofum sem sögðu okkur stuttlega frá sínum viðfangsefnum.

Hjá Morgan Lewis í San Francisco starfa um 120 lögmennt, þar af eru 49 eigendur, ýmist sem „equity partners“ eða „non-equity partners“. Eigendur stofunnar skuldbinda sig til að skila

að lágmarki 1.850 vinnustundum á ári og ætlast er til að fulltrúar skili að lágmarki 2.000 vinnustundum. Í svo stuttri heimsókn var erfitt að gera sér nákvæma grein fyrir verkefnum stofunnar á einstökum réttarsviðum en meðal viðskiptavina hennar eru fjármálastofnanir, sérfræðifyrirtæki, fyrirtæki í ýmsum tæknigreinum, m.a. upplýsingatækni, líftækni, orkuiðnaði, flutningafyrirtæki, fasteignafélög og framleiðslufyrirtæki.

Viðmælendur okkar lögðu talsverða áherslu á „pro bono“ vinnu stofunnar. Þeir upplýstu að sérstakur starfsmaður Morgan Lewis hefði umsjón með þessum þætti starfseminnar. Það er stefna stofunnar að hver lögmaður vinni a.m.k. 20 klukkustundir á ári í sjálfbodastarfi og hluti þess er unninn innan sérstakra verkefna sem lögmannafélagið stendur fyrir. Fram





Gestgjafar hjá Morgan Lewis: f.v. Caryn S. Schreiber, James N. Penrod og Joan M. Haratani.

kom að verðmæti þess „pro bono“ framlags sem öll útibú Morgan Lewis inna af hendi sé metið á um 10 milljónir dollara á ári. Þetta samsvarar því að hver eigandi leggi fram um eina og hálf milljón íslenskra króna árlega í þessu skyni. Í heimsókn okkar til *San Francisco Bar Association* síðar um daginn kom fram að vissulega væri erfðara að fá stærri lögmennsstofurnar til að vinna „pro bono“ vinnu en þær

smærri en jafnframt upplýstu lögmenn Morgan Lewis að talsverð pressa væri á að fá lögmenn stærri stofanna til að taka að sér slík verkefni, svo sem varnir í dauðarefsingamálum. Slíku verkefni fylgir mikil vinna enda tekur iðulega mörg ár að fylgja dauðarefsingamáli eftir á þeim mörgu dómstigum sem málið fer gegnum áður en yfir lýkur og kostnaður getur verið um tvær milljónir dollara.

Í samtali við Joan M. Haratani og reyndar einnig í samtali við starfsmann *San Francisco Bar Association* síðar um daginn kom fram að talsvert brottfall væri af yngri lögmönnum úr stéttinni, sér í lagi meðal kvenna, og að félagið stæði fyrir námskeiðum þar sem tekið væri fyrir hvernig samræma mætti vinnu og einkalíf.

Við tókum eftir því að fundarherbergin á þeirri hæð húsakynna stofunnar sem hýsir móttökuna voru að öllu leyti stúkuð af frá ganginum með gleri þannig að fundarmenn blöstu við hverjum þeim sem leið átti hjá. Að sögn Joan er talið heppilegt að hafa þetta fyrirkomulag en fyrir nokkrum árum kom fyrir að einhver fundarmaður hóf að skjóta af byssu á nærstadda inni í fundarherbergi. Við höfðum einnig tekið eftir því að í anddyri hússins var þess vandlega gætt að enginn

Greinarhöfundur, Erla S. Árnadóttir, ásamt Jóhannesi Albert Sævarssyni og Ingimar Ingasyni. Einnig sést í Gísla M. Auðbergsson.





Hópur LMFÍ ásamt gestgjöfum sínum hjá Morgan Lewis & Bockius LLP

tæki lyftu upp á efri hæðirnar nema gefa sig fram í móttökunni.

Athyglisvert var hversu mikla áherslu viðmælendur okkar lögðu á „pro bono“ vinnu stofunnar og augljóst að litnið er á þátttöku í sjálfboðaliðastarfi sem auglýsingu fyrir stofuna. Þetta var nokkuð framandi fyrir íslenska lögmennt sem hafa talið eðlilegt að ríkisvaldið greiði lögmannsþjónustu að ákveðnu marki, m.a. fyrir hina

efnaminni, fremur en að vel borgandi skjólstæðingar greiði niður lögmannsþjónustu fyrir þennan hóp.

Einnig var eftirtektarvert að heyra um brottfall og hækkandi meðalaldur lögmannna og spurning hvort við gætum lært eitthvað af lögmannafélagi þeirra í San Francisco um námskeiðahald fyrir hina yngri í stéttinni til að sporna við þessari þróun sem vissulega er líka fyrir hendi hér á landi.

Að lokinni fróðlegri heimsókn hélt hópurinn niður að höfninni léttur í spori. Þar er iðandi mannlíf og flest okkar settust niður, nutu sólar og nærðu sig áður en haldið var í næstu heimsókn í *San Francisco Bar Association*. Við gátum þó alltént glaðst yfir því að óverulegar líkur séu á því að verða fyrir skotárásum á fundum með skjólstæðingum okkar heima á Fróni.

Erla S. Árnadóttir hrl.

Ritröð
Lagastofnunar Háskóla Íslands 3

Kynferðisbrot

Ragnheiður Bragadóttir prófessor

Í september kemur út 3. hefti ritraðar Lagastofnunar, en þar birtist ritgerð Ragnheiðar Bragadóttur prófessors við lagadeild HÍ um kynferðisbrot.

Fyrri hlutinn er ritgerð þar sem gerð er grein fyrir tveimur fyrstu ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem fjallar um kynferðisbrot. Þessi ákvæði eru 194. gr. um nauðgun og 195. gr. um aðra ólögmetna kynferðisnauðgun.

Í seinni hlutanum birtist frumvarp til laga um breytingu á tilteknum ákvæðum í kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga. Frumvarpið samdi Ragnheiður veturinn 2005–2006 að ósk dómsmálaráðherra og felur það í sér endurskoðun ákvæðanna um nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, kynferðisbrot gegn börnum og vændi.

Við samningu frumvarpsins byggði Ragnheiður á rannsóknnum sínum á ákvæðum kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga, bæði löggjöfinni sjálfri og framkvæmd hennar.

Í ritröðinni hafa áður verið gefnar út ritgerðirnar, Viðbótarkröfur verktaka í verksamningum eftir Jóhannes Karl Sveinsson hrl. og Milliverðlagning eftir Ágúst Karl Guðmundsson lögfræðing.

Í 4. hefti sem kemur út í lok ársins mun birtast ritgerð Stefáns Más Stefánssonar prófessors við lagadeild HÍ – Um sönnun í sakamálu.

Peir sem gerast áskrifendur að ritröðinni fá heftið á kr. 1.900.- í stað kr. 2.700.- sem er verðið í lausasölu.

Vinsamlegast sendið tölvupóst á stellav@hi.is eda hringið í síma 525 4386 ef óskað er eftir að gerast áskrifandi.

Ritroð
Lagastofnunar Háskóla Íslands 4

Viðbótarkröfur verktaka í verksamningum

Ritroð
Lagastofnunar Háskóla Íslands 5

Milliverðlagning



Golfmót LMFÍ 2006

Minningarmót

Golfsumar LMFÍ hófst með minningarmóti um þá Guðmund Markússon, hrl., og Ólaf Axelsson, hrl. Mótið fór fram á Strandarvelli við Hellu fimmtudaginn 8. júní. Eftir góðan og hressandi skúr í upphafi móts voru allar golfaðstæður hinar bestu og völlurinn í fínu standi. Alls voru 15 keppendur að þessu sinni, sem er óvenju fámennt, og vekur upp þá spurningu hvort lögmenn séu eitthvað línir ef veðurhorfur eru ekki upp á það allra besta.

Úrslit urðu þessi:

Í keppni um Guðmundarbikarinn (án forgjafar)

- | | |
|-----------------------|-------|
| 1. Gísli G. Hall | 27 p. |
| 2. Rúnar Guðmundsson | 25 - |
| 3. Jóhannes Eiríksson | 23 - |

Í keppni um Óla Axels bikarinn (með forgjöf)

- | | |
|--------------------------|-------|
| 1. Brynjar Níelsson | 34 p. |
| 2. Gísli G. Hall | 33 - |
| 3. Guðmundur B. Ólafsson | 33 - |

Gísli hafði fleiri punkta á seinni níu holunum.

Dentalexbikarinn er okkar!

Lögmenn hafa síðustu ár keppt í fjórleik við tannlækna, lækna og endurskoðendur. Fyrsta keppnin, fjórleikur við tannlækna, fór að þessu sinni fram í Grindavík 20. júní í allgóðu vorveðri sem endaði í haugarigningu. Átján leikmenn mættu fyrir hönd lögmanna og jafnmargir tannlæknar. Viðbúnaður var mikill og var kallað á tvær kempur úr Hæstarétti, þá Jón Steinar Gunnlaugsson og Ólaf Börk Þorvaldsson, til að styrkja lið lögmanna. Lögmönnum hefur gengið vel með tannlækna síðustu ár og ljóst var að bikar sem keppt hefur verið um frá



Keppendur á minningarmóti um Guðmund Markússon, hrl., og Ólaf Axelsson, hrl.

árinu 1990 gæti unnist til eignar ef við hefðum betur í ár. Fór svo að lögmenn knúðu með harðfylgi fram sigur með litlum mun eða fjórum vinningum á móti fimm. Tannlæknar gefa næsta bikar og hótuðu grimmilegum hefndum. Völlurinn í Grindavík var frábær og móttökur allar hinar bestu.

Lögmenn kepptu við lækna á Strandarvellingum á Hellu í byrjun júlí og töpuðu að þessu sinni. Fyrirhugaðri keppni við endurskoðendur sem átti að halda 24. ágúst á Kiðjabergsvelli var síðan frestað. Þegar nær dró leikdegi varð ljóst að endurskoðendur voru svo fálíðaðir að ekki var um annað að ræða en að afbóka völlinn og aflýsa keppninni. Í viðræðum um nýjan leikdag voru keppendur komnir svo langt fram á haustið að rétt þótti að fresta leiknum þetta árið. Lagt hefur verið að endurskoðendum að nota veturinn vel og koma með tillögu að leikdegi næsta sumar.

Meistaramót LMFÍ

Meistaramótið var haldið föstudaginn 1. september á Garðavelli Leynismanna á Akranesi. Veður var hið besta og þátttakendur 25 sem allir luku keppni með sæmd.



Verðlaunahafar á minningarmóti um Guðmund Markússon og Ólaf Axelsson. Fv. Guðmundur B. Ólafsson, Brynjar Níelsson, Gísli G. Hall, Rúnar Guðmundsson og Jóhannes Eiríksson.

Meistari LMFÍ þetta árið varð Jóhannes Karl Sveinsson en úrslit urðu annars sem hér segir:

Með forgjöf

Jóhannes Karl Sveinsson	71
Geir Gestsson	72
Indriði Þorkelsson	73

Án forgjafar

Gísli Guðni Hall	80
Ásgeir Eiríksson	81
Jóhannes Karl Sveinsson	83

Í skálanum beið keppenda vel grillað folaldafille og öl að hætti hússins en styrktaraðili mótsins var KB banki hf.

Skrifstofuherbergi til leigu

Til leigu eru tvö herbergi á annari hæð að Austurströnd 3, Seltjarnarnesi. Henta vel fyrir lögmannsstofur.

Lög & réttur ehf. – Sími: 561 5525.



Garðar G. Gíslason hdl.

Að gefnu tilefni

Í 2. tölublaði Lögmannsblaðsins 2006 birtist grein eftir Björn Þorvaldsson, löglærðan fulltrúa hjá RLS, undir heitinu „Gagnrýni á lögreglu og ákærvald svarað.“ Grein Björns var rituð til andsvara við grein minni sem birtist í 1. tölublaði Lögmannsblaðsins 2006, þar sem ég gagnrýndi störf ákærvalds á sviði efnahagsbrota og tvo dóma Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í október 2005 í því sambandi.

Í svargrein sinni fer Björn töluvert geyst, sakar mig um rangfærslur og rakalausar fullyrðingar. Ég ætla ekki að þreyta lesendur Lögmannsblaðsins með því að elta ólar við allt það í grein Björns sem ég tel rangt eða mér mislíkar, en sé mig hins vegar knúinn til að benda á eftirfarandi:

- Hinn 15. júní 2006 kvað Hæstiréttur upp dóm í öðru af þeim málum sem um ræðir (Hæstaréttarmál nr. 38/2006). Með þeim dómi var staðfest réttmæti þeirrar gagnrýni sem ég hafði uppi í grein minni um málatilbúnað ákærvaldsins og niðurstöðu héraðsdómsins í því máli.
- Niðurstaða í framangreindum dómi Hæstaréttar, um að brotin væru ekki stórfelld og brottfall fangelsisrefsingar af þeim sökum, hafði ekkert að gera með þær breytingar sem gerðar voru á skattalögum við setningu laga nr. 134/2005.
- Það eru ný sannindi fyrir mér, og líkast til fleirum, ef það felst í hlutverki ákærvalds „að láta á það reyna“ hvort tiltekin háttsemi fellur undir refsilagaákvæði. Það er dálítið

uggvekjandi tilhugsun, ef þeir sem með ákærvald fara eru á þeirri skoðun.

Skort hefur á að vinnubrögð síðustu misseri við útgáfu ákæra í efnahagsbrotamálum hafi verið nægilega vönduð eins og dómur sýna. Það er vissulega vont og verður enn verra ef fulltrúar ákærvaldsins vilja ekki taka málefnalegri gagnrýni á slík vinnubrögð. Ákærvaldinu fylgja gríðarleg völd en samfara þeim mikil ábyrgð, m.a. um að vandað sé til allra verka.



RENATA ERLENDSSON
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h + 562 2562 v
GSM: 898 0904 + Fax: 562 2517



Helgi Jóhannesson hrl.

Tengslamyndun („networking“) er talin mjög mikilvæg í hvers konar viðskiptum. Haldin eru námskeið og ráðstefnur um mikilvægi þessa og mörg fyrirtæki leggja mikla fjármuni í að halda tengslaneti sínu öflugu og viðfedmu. Rekstur lögmansþjónustu er engin undantekning í þessu efni og í raun sífellt mikilvægari þáttur eftir því sem lögmansstofurnar verða stærri og sérhæfing lögmanna eykst. Afar mikilvægt er að halda tengslum við viðskiptavinina sem þegar eru í viðskiptum við stofurnar og mynda ný tengsl vegna nýrra verkefna. Tengslanetið þarf að vera í stöðugri ræktun og endurbót svo það glattist ekki. Lögmenn geta ekki skellt kollaeýrum við þessu þó vissulega hafi maður rekist á suma þeirra sem telja sig hafa svo mikið að gera við að moka frá því sem er á borðinu á degi hverjum að enginn tími sé í „punt“ af þessu tagi. Slík viðhorf fela dauðann í sér fyrir rekstur hvernar nútíma lögmansstofu.

En það er ekki einungis mikilvægt fyrir okkur lögmenn að halda tengslaneti okkar við viðskiptavinina traustu

og góðu. Tengslamyndun við aðra lögmenn er ekki síður mikilvæg. Hver þekkir ekki muninn á því að vinna í máli á móti ókunnugum lögmanni annars vegar og einhverjum sem maður þekkir hins vegar. Það getur oft á tíðum skipt sköpum við að ná farsælli niðurstöðu í mál að lögmennirnir þekki hvor annan, geti treyst hvor öðrum og á milli þeirra sé gott samband. Slíkri tengslamyndun er auðvelt að koma á í hvers konar félagsstarfi lögmanna og lögfræðinga, hvort sem er á fræðafundum, í skipulögðum vísindaeða skemmtiferðum eða hvers konar öðru félagsstarfi lögmanna. Með þátttöku í slíku starfi er það ekki einungis hin faglega þekking sem eykst, heldur það sem ekki skiptir síður máli, tengslanet lögmanna við aðra lögmenn styrkist og eflist. Það er því afar mikilvægt að starfsemi félagsdeildar LMFÍ haldi áfram á þeirri ágætu braut sem hún nú er, bæði með skipulagningu fræðastarfs og skemmtiferða svo sem verið hefur. Það skilar sér í bættum lögmansstörfum almennt.

Þýðingar og textaráðgjöf
 Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, frönsku, þýsku, rússnesku og norðurlandamálum.
 Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalþýðandi.
 Laugavegi 163a, Reykjavík. s: 562 6588, gsm: 897 2717, netfang: ellening@simnet.is



Mikill áhugi er meðal lögfræðinga á frumvarpi dómsmálaráðherra um nýtt réttarfar í sakamálum en 210 manns mættu á málþingið.

Málþing um nýtt réttarfar í sakamálum

Lögfræðingafélag Íslands hélt þann 22. september síðastliðinn í samstarfi við dómsmálaráðuneytið viðamikilið málþing um frumvarp til laga um nýtt réttarfar í sakamálum og helstu mál-efni sem efst eru á baugi á því réttarsviði.

Að loknum hádegisverði setti Björn Bjarnason dómsmálaráðherra þingið. Í ræðu hans kom m.a. fram að þróunin væri í þá átt í Evrópu að settar yrðu samræmdar reglur um flest svið refsiréttarins til að auðvelda viðbrögð við vaxandi alþjóðlegri glæpastarfsemi og til að tryggja lögreglu sem einfaldasta leið til að hafa hendur í hári afbrotamanna. Þá væri lögð áheyrsla á samræmi í rannsóknarheimildum lög- reglu, ekki síst á sviði fjarskipta sem rekja mætti til síaukinnar rafrænnar glæpastarfsemi.

Í kjölfar ávarps dómsmálaráðherra

gerði Eiríkur Tómasson lagaprófessor, einn frumvarpshöfunda, grein fyrir helstu breytingum og nýmælum frumvarpsins. Í máli hans kom fram að þrátt fyrir ýmsar breytingar, stórar og smáar, þá eru meginreglur sakamálaréttarfars óbreyttar. Meðal breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu er að tekið verði upp heitið sakamál í stað opinberra mála og að kveðið er á um meðferð sakamála á nokkurn veginn tæmandi hátt. Þá er form frumvarpsins hliðstætt í uppbyggingu og lög um meðferð einkamála.

Ein helsta breytingin sem boðuð er í frumvarpinu er sú að ákærvald- inu er skipt í þrjú stjórnýslustig. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissak- sóknari fjallaði sérstaklega um þennan þátt frumvarpsins. Rakti hún fyrst sögu ákærvaldsins en vék því næst að stöðu þess samkvæmt frumvarpinu. Gagnrýndi hún nokkuð að ekki væri

nægjanlega skýrt kveðið á um það í frumvarpinu hverjir væru ákærendur, t.d. hver væri staða löglærðra fulltrúa ákærvaldsins.

Stefán Már Stefánsson lagaprófessor gerði því næst grein fyrir hugtakinu sönnun og nokkrum meginreglum því tengdu. Skýrði hann frá rannsóknum sínum á erlendum rétti og ræddi gildi ólögættra sönnunargagna, sönnunar- kröfur og sjónarmið um milliliðalaus málsmæðferð og sönnunarmat. Færði hann m.a. rök fyrir því að fræðilega stæðist það að dómari byggði áfelli- isdóm aðallega eða eingöngu á einni munnlegri skýrslu.

Að loknu kaffihléi fjallaði Lykke Sørensen vararíkissaksóknari í Dan- mörku um rannsóknaraðgerðir lög- reglu andspænis breyttum aðstæð- um svo sem vegna hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi. Ljóst var



Björn Bjarnason dómsmálaráðherra flytur setningarræðu þingsins. Auk hans, talið frá vinstri: Ragnheiður Harðardóttir, Eiríkur Tómasson og Ragna Árnadóttir.

ráðherra sem gefur ákærvaldinu kost á að færa rök fyrir málsókn í ákæru. Kom fram í máli Jóhannesar að hann teldi þetta nýmæli óþarft þar sem ítarlegar skýringar í ákæruskjali myndu engu breyta um niðurstöðu máls ef verknaðarlýsing ákærunnar uppfyllti ekki þær lágmarkskröfur sem til hennar eru gerðar.

Að loknu erindi Jóhannesar var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir. Af þeim er ljóst að sitt sýnist hverjum og líklegt að umræða um frumvarpið mun verða nokkur meðal lögfræðinga. Sökum þess að frummælendur höfðu flestir talað nokkuð lengur en dagskráin gerði ráð fyrir, eins og oft vil verða þegar lögfræðingar láta ljós sitt skína, gafst fremur stuttur tími til skoðanaskipta. Má segja að það hafi verið eini gallinn á þessu mjög svo góða málþingi sem var Lögfræðingafélaginu til mikils sóma.

af ræðu hennar að Danir hafa þurft að bregðast af festu við þeirri ógn sem stafar af hryðjuverkum og skipulagðri og alþjóðlegri glæpastarfsemi. Er ljóst að Íslendingar geta nokkuð af Dönum lært þrátt fyrir að sú ógn sem af þessu stafar sé Íslendingum enn nokkuð fjarlæg.

Að lokum ræddi Jóhannes Rúnar Jóhannesson hæstaréttarlögmaður um hvaða kröfur eru gerðar til ákæruskjals svo að mál fái efnismeðferð. Rakti hann nokkra nýlega dóma þar sem ákæru og málatilbúnaði ákærvaldsins þótti ábótavant. Þá gerði hann grein fyrir nýmælum í frumvarpi dómsmála-

Bragi Björnsson hdl.

Allt í & röð reglu

R

Y

M

I

Hf. Ofnasmiðjan | Reykjavík | Háteigsvegi 7 | sími: 511 1100

Akureyri | Draupniskgata 4 | sími: 466 3311 | www.rymi.is

Námskeið haustannar

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfangið: eyrun@lmfi.is

Réttur hluthafa til áhrifa og minnihlutavernd

Fjallað verður um stöðu hluthafa í stjórnkerfi hlutafélaga og um réttarstöðu þeirra gagnvart stjórnendum og félagi. Einnig verður fjallað um skipan og hlutverk stjórnar og framkvæmdastjórnar sem og reglur hlutafélagalaga sem tryggja hluthöfum ýmsar leiðir til áhrifa og eftirlits með stjórnendum. Trúnaðarskyldur stjórnenda og meginregla um minnahlutavernd verða einnig til umfjöllunar.

Kennari Áslaug Björgvinsdóttir dósent við Háskólann í Reykjavík
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 24. október kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 16.500,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 12.000,-

Einkaskipti dánarbúa

Farið verður yfir einkaskipti dánarbúa og helstu atriði sem skipta máli í því sambandi. Skjalagerð við einkaskipti og útreikning erfðafjárskatts. Fjallað verður um skattlagningu dánarbúa.

Kennarar Steinunn Guðbjartsdóttir hrl., hjá Borgarlögmönnum, Bergþóra Sigmundsdóttir lögfræðingur hjá Sýslumanninum í Reykjavík og Vala Valtýsdóttir, hdl. hjá Taxis.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 31. október 2006, 16:00-19:00.
Verð kr. 17.500,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 13.000,-

Ábyrgð farmflytjanda

Fjallað verður um skaðabótaábyrgð farmflytjanda vegna farmtjóns í sjóflutningum. Aðaláherslan verður lögð sönnunarbyrði, ábyrgðarreglur, ákvörðun bótafjárhæðar og reglur um takmörkun ábyrgðar samkvæmt siglingalögum nr. 34/1985 og flutningsskilmálum íslenskum skipafélaganna. Auk þess verður fjallað um almenna þjónustuskilmála flutningasviðs Samtaka verslunar og þjónustu, en færst hefur í vöxt að samið sé um að þessir skilmálar gildi um þjónustu íslensku skipafélaganna eftir að flutningsábyrgð þeirra lýkur. Loks verður stuttlega farið yfir reglur um ábyrgð farmflytjanda í land- og flugflutningum og þær bornar saman við nefndar reglur sjóréttar.

Kennari Einar Baldvin Axelsson, hdl., hjá LOGOS
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 14. nóvember kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 16.500,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 12.000,-

Útrásin - Hlutverk íslenskra lögmanna

Fjallað með almennum hætti um hlutverk íslenskra lögmanna í útrásarverkefnum. Hvernig undirbúningi er háttað, ráðning erlendra ráðgjafa, verkstýring, skattaleg uppsetning, áreiðanleikakannanir, skjalagerð, fjármögnun og fleira.

Kennari Guðmundur J. Oddsson, hdl. forstöðumaður útibús LOGOS í London
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Föstudagur 17. nóvember kl. 14:00-17:00.
Verð kr. 23.500,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 19.000,-

Verktakaréttur

Á námskeiðinu verður fjallað um valin efni í verktakarétti. Farið verður yfir nýlega dóma sem hafa þýðingu og ný form samninga kynnt.

Kennari Jóhannes Karl Sveinsson hrl. hjá Landslögum

Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 21. nóvember kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 16.500,- en fyrir féлага í félagsdeild kr. 12.000,-



METNAÐARFULLT OG NÚTÍMALEGT LAGANÁM

NÝJAR ÁHERSLUR - MARKVISST NÁM - MEIRI MÖGULEIKAR

- 3ja ára grunnám til BA gráðu (90 ein.)
- 2ja ára framhaldsnám til meistaraþráðu (60 ein.)

Fullnaðarpróf í lögfræði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK · HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



Eyrún Ingadóttir

Heimasíða Lögmannafélags Íslands

Í sumar fór ný heimasíða félagsins í loftið eftir gagngerar endurbætur og hefur hún fengið einkar jákvæðar viðtökur. Eins og gefur að skilja tekur tíma að koma heimasíðunni í endanlegt form og ef lögmennt hafa einhverjar ábendingar um það sem betur má fara þá eru þær vel þegnar. Lögmennt hafa saknað þess að komast ekki beint inn í „leit að lögmanni“ en hægt er að fara beint í það með því að smella á „íslenska“ eða með því að smella á myndina fyrir miðju sem breytist reglulega.

Heimasíðunni er ætlað að vera upplýsingaveita fyrir alla lögfræðilega viðburði sem og veita almenningi upplýsingar um lögmennt og þjónustu þeirra. Þeir sem eru að skipuleggja fundi og aðra viðburði fyrir lögmennt er bent á að kynna sér viðburðadagatalið á heimasíðunni til að koma í veg fyrir að einstakir atburðir lendi á sama tíma.

Hæstaréttadómar til sölu

Sjóvá er með til sölu innbundna hæstaréttadóma. Dómarnir eru frá árunum 1921-1992. Um er að ræða 79 bækur. Tilboð óskast.

Upplýsingar í síma 844 2325 (Jóney).

Námsferð til San Francisco

Námsferð LMFÍ til SF er nýlokið en dagana 2.-9. september fóru 52 manns þangað á vegum félagsins. Í ferðinni var Hæstiréttur Kaliforníu og lögmannsstofan Morgan Lewis & Bockius heimsótt en Erla S. Árnadóttir fjallar um þá heimsókn á öðrum stað í blaðinu. LMFÍ naut aðstoðar Lögmannafélags San Francisco við skipulagningu heimsóknanna sem bauð okkur í stutta heimsókn þar sem farið var yfir starfsemi félagsins. Eins og hjá LMFÍ býður félagið lögmonnum upp á endurmenntunarnámskeið. Auk þess er mikil starfsemi í kringum „pro bono“ vinnu lögmannt en félagið skipuleggur metnaðarfullt starf til að bjóða þeim ókeypis þjónustu sem ekki hafa efni á lögmanni. Ferðin heppnaðist ákaflega vel en frásögn af heimsókninni í Hæstarétt og myndir úr ferðinni bíða næsta blaðs.

Farið var skoðunarferð í hið alræmda Alcatraz fangelsi sem er á eyju rétt utan við San Francisco.



Námskeið vorannar

Vinna við skipulagningu námskeiða haustannar hefur staðið yfir undanfarið og hafa auglýsingar vegna þeirra þegar verið sendar lögmonnum og þær settar á heimasíðuna. Nú þegar er einu námskeiði lokið; um lög og réttlæti í Njálu en Krístrún Heimisdóttir lögfræðingur hélt afar fróðlegt erindi um það.

Námskeiðin eru auglýst á öðrum stað í blaðinu en skráning hefur gengið vel. Fáar starfsstéttir eru eins duglegar að sækja sér endurmenntun og lögmennt. Árlega sækir þriðjungur félagsmannt námskeið hjá félaginu auk þess sem þeir sækja sér endurmenntun hjá öðrum aðilum.



Krístrún Heimisdóttir flutti fróðlegt og skemmtilegt erindi um Njálu á námskeiði LMFÍ í september.



Davíð Þór Björgvinsson dómari við Mannréttindadómstól Evrópu

Ráðstefna um tjáningarfrelsið

Að frumkvæði lagadeildar Háskólans í Reykjavík og mannréttindanefndar Íslandsdeildar evrópsku laganemasamtakanna (ELSA), og í samvinnu við LMFÍ, verður haldin alþjóðleg ráðstefna um tjáningarfrelsið í byrjun nóvember. Dagskráin í heild fylgir með blaðinu.

Umræða um fjölmiðlaumhverfið á Íslandi og þróun á íslenskum fjölmiðla-markaði hefur ýtt undir umræðu um fjölmiðla almennt og hlutverk þeirra í lýðræðislegu samfélagi. Umræðan hefur tekið til hlutverks fjölmiðla í viðum skilningi og til tjáningarfrelsisins sem hornsteins lýðræðislegs samfélags. Þá hefur umræðan einnig beinst að þeim takmörkunum sem tjáningarfrelsið mögulega sætir vegna þeirrar siðferðilegu kröfu sem gerð er til fjölmiðla um vandaða og málefnalega umfjöllun, þar sem leitað er jafnvægis milli tjáningarfrelsisins, almanna-hagsmuna og hagsmuna einstaklinga. Ráðstefna af þessu tagi hefur það m.a. að markmiði að leggja þessari umræðu lið og efla hana.

Umræða um tjáningarfrelsi og möguleg takmörk þess er ekki bundin við Ísland. Fjölmarginir dómari Mannréttindadómstóls Evrópu fjalla um þetta efni. Það er því fengur af því að freista þess að setja umræðuna um fjölmiðla og tjáningarfrelsið í samhengi við þróun mála í öðrum ríkjum og hjá alþjóðlegum stofnunum og fá til

landsins viðurkennda sérfræðinga um þessi efni sem hafa engin tengsl við hagsmunaaðila eða stjórn málaöfl á Íslandi, til að ræða þessi efni á fræðilegan hátt.

Viðburður þessi er sérstakur fyrir þá sök að skipuleggjendur hafa ákveðið að teygja arma sína út fyrir Evrópu og til landa og menningarheima sem eru okkur á margan hátt framandi. Þess vegna vísar yfirskrift ráðstefnunnar síðari daginn til hlutverks tjáningarfrelsisins í löndum þar sem lýðræðispróun er skammt á veg komin eða þar sem lýðræði er að festa sig í sessi. Í þessu samhengi er vert að minnast þeirra átaka sem urðu vegna mynd-

birtinga danskra blaða af Múhamed spámanni, en í þeirri umræðu kristalladist m.a. þörfin á því að Vesturlönd standi fast á kröfu sinni um tjáningarfrelsið annars vegar og svo hins vegar þörfina á því að taka tillit til trúarsannfæringar og trúartilfinninga múslima. Þessi umræða tengist ennfremur Tyrklandi, þar sem mikill meirihluti íbúa er múslimar en utanríkisstefna landsins miðar að því að festa Tyrkland í sessi sem vestrant lýðræðisríki með aðild að ESB. Í Suður Afríku eru vandamálin annars eðlis en saga landsins er lituð af aðskilnaði kynþáttanna. Arfur fortíðarinnar kallar á ráðstafanir sem miða að því að eyða hatri og tortryggni milli ólíkra kynþátta til að treysta í sessi lýðræðislega stjórnarhætti. Umræða af þessu tagi er til þess fallin að minna okkur á mikilvægi tjáningarfrelsisins í lýðræðislegu samfélagi og fyrir viðgang þess.

Um leið og ráðstefna þessi fjallar um efni sem hefur ríka skírskotun til umræðu um fjölmiðla og tjáningarfrelsi á Íslandi hin síðari misseri, er hún einnig liður í viðleitni til að efla og flytja alþjóðlega umræðu um lögfræðilegt eða stjórn málafræðilegt efni til Íslands. Ráðstefnan er auglýst víða í háskólum og stofnunum um Evrópu og þess þannig freistað að fá til landsins erlenda gesti til að taka þátt í umræðunni.

Það er von skipuleggjenda að þessu framtaki verði vel tekið af íslenskum lögfræðingum og þeir sjái sér sem flestir fært að taka þátt í þessum viðburði.



Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.



Hugleiðing um dóm Hæstaréttar frá 21. júlí 2006

Hinn 21. júlí síðast liðinn féll athyglisverður dómur í Hæstarétti, í málinu nr. 353/2006. Dómurinn er hluti af máli sem nefnt hefur verið Baugsmálið í opinberri umræðu. Forsagan er sú að þann 1. júlí 2005 gaf ríkislögreglustjóri út ákæru í 40 liðum á hendur sex nafngreindum einstaklingum. 10. október sama ár kvað Hæstiréttur upp dóm, í málinu nr. 420/2005, þar sem 32 af ákæruliðum málsins var vísað frá dómi. Ríkissaksóknari tók við meðferð málsins, en sagði sig síðar frá málinu vegna vanhæfis.

Dómsmálaráðherra skipaði settan ríkissaksóknara til að fara með málið. Tók hann yfir málsmeðferð vegna þeirra 8 ákæruliða, sem ekki var vísað frá dómi, auk þess sem hann tók til athugunar gögn sem lágu til grundvallar hinum liðunum 32. Settur ríkissaksóknari gaf þann 31. mars 2006 út ákæru í 19 liðum á hendur tveimur af þeim einstaklingum sem sættu ákæru í fyrra málinu og einum að auki. Með dómi Hæstaréttar 21. júlí var I. kafla ákærunnar vísað frá dómi.

Skrifleg greinargerð í ákæru

Í I. kafla voru einum ákærða gefin að sök fjársvik en til vara umboðssvik. Í langri greinargerð ákæruvaldsins sem kom á eftir hinum eiginlega ákæruliði, var lýst margvíslegum viðskiptum þess sakbornings með hlutafé í ákveðnu félagi og að hluta til með fasteignir. Um þann málatilbúnað sagði í úrskurði hér- aðsdóms sem staðfestur var með vísan

til forsendna í Hæstarétti: „Í ákærunni er á tveimur og hálfri blaðsíðu gerð grein fyrir aðdraganda þeirra brota sem ákærða eru gefin að sök. Skrifleg greinargerð af þessu tagi á ekki heima í ákæruskjali, enda er tæmandi talið í 116. gr. laga um meðferð opinberra mála það sem koma á fram í ákæru. Breytir engu þótt svona framsetning sé ekki lengur bönnuð í lög- unum, ...“.

Með þessu er staðfest, að regla 3. mgr. 115. gr. eldri laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, þar sem lagt var bann við skriflegri greinargerð ákæruvalds í ákæru, telst enn vera gildandi réttur, þrátt fyrir að núgildandi lög hafi ekki að geyma ákvæði þar að lútandi. Samsvarandi regla gildir í Danmörku, sbr. 2. mgr. 831. gr. dönsku réttarfarlaganna (d. Lov om retters pleje).

Annmarkar á ákæru

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að I. kafla ákærunnar uppfyllti ekki kröfur c-liðar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Dómurinn taldi að verknáðarlýsing ákærunnar fæli ekki í sér lýsingu á auðgunarbroti, hvorki fjársvikum né umboðssvikum, heldur lýsingu á viðskiptum sem hefðu mögulega verið óhagstæð fyrir Baug hf. en hugsanlega hagstæð fyrir ákærða og aðra. Þessum ákærulið var því vísað frá dómi.

Með niðurstöðu sinni fylgir dómurinn fordæmi, sem meðal annars var sett með dómi Hæstaréttar 10. október

2005. Í því felst, að sé verknáðarlýsing ákæru svo óskýr að málsgrundvöllurinn teljist óljós eða það geti komið niður á vörn ákærða, leiðir það til frá- vísunar frá dómi.

Ákvörðun um að ákæra ekki að nýju

Í framhaldi af dómi Hæstaréttar ákvað settur ríkissaksóknari að gefa ekki út ákæru að nýju vegna þeirrar háttsemi sem lýst var í I. kafla ákærunnar. Ákvörðunin er skiljanleg út frá sjónarmiðum refsiréttar og sakamálaréttar- arfars, að virtri málavaxtalýsingu áður nefndra dóma. Ákvörðunin gefur til- efni til hugleiðinga um hvort rétt hafi verið í upphafi að gefa út ákæru vegna þeirrar háttsemi sem hér um ræðir en sakborningur hefur ávallt haldið því fram að um viðskipti hafi verið að ræða en ekki refsiverð brot.

Skýring setts ríkissaksóknara á breyttri afstöðu ákæruvaldsins er sú að með dómum Hæstaréttar hafi „dregið [...] svo úr líkum á að dómstólar muni sakfella ákærða fyrir þau ætluðu brot“, sem ákærða voru gefin að sök í ákærulið- um, „að ekki sé nægilegt tilefni til að gefa út nýja ákæru vegna þeirra“. Engin ástæða er til að draga í efa þetta mat setts ríkissaksóknara, né heldur ákvörðun hans um að láta staðar numið að þessu leyti. Eftir stendur spurningin um það, hvort upphaflegt mat ákæruvaldsins á gögnum málsins hafi verið rétt? Við þeirri spurningu fæst aldrei svar, þar sem á það mun ekki reyna.



Sveinn Andri Sveinsson hrl.

Vísad í hæpnar forsendur

Hæstiréttur Íslands staðfesti þann 21. júlí 2006 úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. júní 2006 þar sem vísad var frá dómi I. kafla ákæru í hinu svokallaða Baugsmáli, en þar var einn sakborninga (JÁJ) ákærður, aðallega fyrir fjársvik (248.gr. alm. hgl.) en til vara umboðssvik (249.gr.).

Fjársvikaákvæði 248. gr. lýsir refsiverða þá háttsemi að koma manni til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd viðkomandi og hafa þannig fé af honum eða öðrum.

Ákæruliður þessi gekk út á það að JÁJ hafi keypt 10-11 búðirnar sjálfur og síðan talið stjórn Baugs á að kaupa þær á hærra verði, þegar stjórn Baugs hafi talið sig vera að kaupa af fyrri eigendum, og hagnast þannig sjálfur um 200 m.kr.

Tækist ekki að sýna fram á þetta var til vara ákært fyrir umboðssvik skv. 249. gr. en þau eru skilgreind sem svo að maður misnotar aðstöðu sína, sér eða sínum til hagsbóta, en umbjóðanda sínum til tjóns. Brot er fullframið við misnotkun aðstöðu, alveg án tillits til þess hvort af misnotkun hlýst tjón. Hætta á ólögmati yfirfærslu fjármuna (tjóni) er saknæm. Nægjanlegt er að háttsemi hafi í för með sér verulega hættu á tjóni til að um brot sé að ræða.

Í úrskurði héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti með vísan til forsendna segir að í ákæru sé lýst viðskiptum

með hlutafé sem ákærði hafði keypt og síðan selt Baugi allmörgum mánuðum síðar án þess að láta þess getið að hann væri seljandinn. Segir í dóminum að: „*Baugur á að hafa greitt herra verð fyrir hlutaféð en ákærði greiddi. Mismunurinn sé tap Baugs hf. en verulegur hluti hans sé hagnaður ákærða og tilgreindra einkahlutafélaga, eins og lýst var.*” Segir síðan: „*Því er ekki lýst í ákæruliðnum að ákærði hafi haft fé af Baugi hf., heldur verður helst ráðið af honum að verið sé að lýsa því að Baugur kynni að hafa getað eða hafi átt að geta, gert betri kaup ef ákærði hefði unnið að viðskiptunum á annan veg. Verknáðarlýsing ákæru er samkvæmt þessu ekki lýsing á fjársvikum heldur viðskiptum sem vera kann að hafi verið óhagstæð fyrir Baug hf. en hugsanlega hagstæð fyrir ákærða eða aðra.*” Um varaheimfærslu ákæru til umboðssvika segir að með sama hætti sé ekki lýst auðgunarbroti heldur viðskiptum sem kunni að hafa verið óhagstæð fyrir Baug en hagstæð ákærða.

Dómur Hæstaréttar stenst ekki lögfræðilega skoðun. Fjársvik og umboðssvik eiga sér stað í löggæringum manna á milli. Það stenst ekki almennan lesskilning að segja að í ákæru sé lýst viðskiptum en ekki auðgunarbrotum og þvert á það sem segir í dómnum er því lýst að ákærði hafi haft fé af Baugi. Ákæran lýsir viðskiptum en hún lýsir viðskiptum þar sem auðgunarbrot eiga að hafa átt sér stað. Hæstiréttur segir ákæru lýsa

viðskiptum þar sem ákærði hafi hugsanlega hagnast á kostnað Baugs. Í þessu felst hin ranga niðurstaða. Hefði ákæruvaldið sýnt fram á að ákærði hefði auðgast á kostnað Baugs með því að beita stjórn Baugs blekkingum eins og lýst var í ákæru, þá hefði það verið í samræmi við verknáðarlýsingu fjársvikaákvæðisins. Hefði ekki tekist að sanna að ákærði hefði beitt stjórnina blekkingum, en sannað að hann hefði hagnýtt sér aðstöðuna til þess að hagnast á kostnað Baugs, hefði mátt sakfella fyrir umboðssvikaákvæðisins. Hefði hvorki verið sýnt fram á blekkingar eða misnotkun aðstöðu hefði verið sýknað.

Um efni ákæruskjals er fjallað í c.lið 116.gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en þar segir: „...*hvert brotið sé sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta.*”

Ákæran sem vísad var frá uppfyllti öll skilyrði ofangreinds ákvæðis. Ástæður þær sem lágu að baki frávísun varða efnisatriði málsins og hefðu hugsanlega getað leitt til sýknu. Þrátt fyrir að engin efnismeðferð færi fram, engin sönnunarfærsla, engin ræða sækjanda og engin ræða verjanda var kveðinn upp efnisdómur í málinu; einhvers konar „fordómur” og skiljanlegt að sérstökum ríkissaksóknara hugnaðist ekki að gefa út nýja ákæru.



Hróbjartur Jónatansson hrl.

Hinir órannsakanlegu vegir Hæstaréttar

Eins og margir lögmenn vita er oft og einatt erfitt að fóta sig í réttarfarinu þegar kemur að málatilbúnaði fyrir dómstólum. Dómur Hæstaréttar í málinu 511/ 2005 gaf mér tilefni til eftirfarandi hugleiðinga um Hæstarétt Íslands.

I

Í málinu nr. 117/2001; Hafnarfjarðarkaupstaður gegn Varasjóði viðbótarlána fjallaði Hæstiréttur um það hvort að kaupskylda sveitarstjórna á félagslegum eignaríbúðum skv. lögum nr. 44/1998 hefði verið fyrir hendi á tilteknum tíma. Í dómi Hæstaréttar segir m.a:

„...Auk þeirra málsástæðna, sem áfrýjandi tefldi fram í greinargerð sinni í héraði, reisir hann sjknukröfu sína fyrir Hæstarétti á því, að verði lög nr. 44/1998 túlkuð svo, að eiganda fasteignarinnar Hvammabrautar 12 í Hafnarfirði hafi verið skylt að selja sveitarfélaginu og því að kaupa, sbr. 84. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins og ákvæði I til bráðabirgða í fyrrnefndu lögum, fari það gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. til hlíðsjónar 72. gr. um friðhelgi eignaréttar og 76. gr. um félagsleg réttindi. Er ekki að sjá, að þessar málsástæður hafi komið til umfjöllunar við aðalmeðferð málsins í héraði. Þykir engu að síður rétt að huga að þeim, þar sem þær varða stöðu almennrar löggjafar gagnvart stjórnarskrá... [leturbr. H]]

Eins og sjá má þá ákvæð rétturinn, sem var skipaður fimm dómurum, að hleypa málsástæðunum að þótt þær væru of seint fram komnar þar sem þær lutu að gildi lagareglu gagnvart stjórnarskránni. Þrátt fyrir að það komi ekki beinlínis fram í dómnum má ætla að málsástæðunum hafi verið mótmælt af stefnda og Hæstiréttur hafi því tekið þær til umfjöllunar þó að ákvæðum 5.tl., 101.gr. EML væri ekki fullnægt og þar af leiðandi litið framhjá málsforræðisreglunni. Þó Hæstiréttur orði það svo í dómnum að ...rétt sé að huga... að málsástæðunum þá verður að skilja orðin svo að rétturinn taki þær til efnislegrar meðferðar sbr. þá niðurstöðu réttarins að áfrýjanda hafi ekki

„...tekist að sýna fram á, að fortakslaus kaupskylda sveitarfélaga á innlausnartímanum eftir gildistöku laga nr. 44/1998, sbr. ákvæði þeirra til bráðabirgða, sé reist á ómálefnalegum forsendum og fari í bága við eignaréttarákvæði og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar...“

Á grundvelli þessa dóms hefði mátt telja hafið yfir vafa að málsforræð-

isreglan gildi ekki þegar byggt væri á því að lög samrýmdust ekki stjórnarskrá og slíkar málsástæður fengju efnislega umfjöllun, án tillits þess hvernær þær væru settar fram í máli. Það virðist blasa við.

II

Í málinu nr. 511/2005; Gullver sf. gegn íslenska ríkinu og Símanum hf. reyndi á hvort löglega hefði verið staðið að eignarnámi á spildu á grundvelli laga um fjarskipti nr. 81/2003. Í málinu var þeirri málsástæðu hreyft fyrir Hæstarétti að 70 gr. fjarskiptalaga bryti gegn meðalhófsreglu 72.gr. stjórnarskrárinnar þar sem lagareglan heimilar eignarnám ef „... samningum um kaup verður ekki við komið...“, í stað þess að miða við að samningar um kaup eða önnur afnot hefðu ekki náð fram að ganga. Í þessu máli voru þrír dómarmar og einn þeirra hafði setið í fyrrgreindu máli nr. 117/2001. Í ljósi dómsins í því máli var rökrétt að áætla að það skipti engu máli þó að framangreind málsástæða hefði fyrst komið fram fyrir Hæstarétti, rétturinn myndi „... huga að henni þar sem [hún] varða[r]“



Gutenberg

PRENTSMIDJA

NÝTT HEIMILISFANG: SUÐURLANDSBRAUT 24

Sími 545 4400 – Fax 545 4401 – www.gutenberg.is

stöðu almennrar löggjafar gagnvart stjórnarskrá...“ og fjalla efnislega um hana.

Í dómi Hæstaréttar í málinu 511/2005 var málsástæðunni hins vegar hafnað með svofelldum rökum:

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti bar áfrýjandi fram þá málsástæðu, að 70. gr. laga nr. 81/2003 stæðist ekki meðalhófsreglu 72. gr. stjórnarskrárinnar og bær því að víkja henni til hliðar. Þessari málsástæðu var ekki breytt í héradi. Er hún því of seint fram komin og kemur ekki til álita.

Þessi réttarfarslega niðurstaða er sýnilega algerlega á skjön við niðurstöðu þeirra fimm dómara sem dæmdu málið nr. 117/2001.

III

Þessi niðurstaða í málinu nr. 511/2005 að hafna því að málsástæðan um gildi lagareglu gagnvart stjórnarskránni komist að vekur upp ýmsar spurningar um Hæstarétt og vinnulag þar á bæ. Ekki síst um það fyrirkomulag að dómstóllinn skuli starfa í tveimur deildum. Hvað hið fyrra varðar þá kemur eitt af eftirgreindu til greina sem skýring á þessu misræmi milli málanna; Í fyrsta lagi að málin nr. 511/2005 og nr. 117/2001 séu ekki sambærileg. Í öðru lagi að mistök hafi átt sér stað, að dómarnir í málinu nr. 511/2005 hafi hreinlega ekki munað eftir málinu frá 2001 við úrlausn málsins. Í þriðja lagi að stefnubreyting hafi orðið af hálfu réttarins. Fyrsta tilgátan á tæpast við enda vart sjáanlegt annað en málin séu algerlega sambærileg að því er varðar tímasetningu og efni málsástæðanna. Í báðum tilvikum er málsástæða um gildi lagareglu gagnvart stjórnarskrá höfð uppi fyrir Hæstarétti. Ef tilgáta

númer tvö á við er það áhyggjuefni og vekur spurningar um hvort vinnubrögð hæstaréttardómaranna séu nægilega vönduð og jafnframt, hvort að hinn mikli málshraði á hæstaréttarmálum komi niður á gæðum úrlausna dómsins. Ef þriðja valkosturinn á við vekur það sérstaka athygli að dómurinn rökstyður á engan hátt af hverju fallið sé frá þeirri samhljóða niðurstöðu dómara fimm í málinu nr. 117/2001, af hverju málsástæða um gildi lagareglu gagnvart stjórnarskránni komist ekki að nú þrátt fyrir niðurstöðu Hæstarétt-



ar frá 2001. Í málinu nr. 511/2005 vísar Hæstiréttur ekki til dóms sem gengið hafi í millitíðinni um sömu niðurstöðu þar sem fram kemur sú stefnubreyting réttarins að málsástæður um gildi lagareglu gagnvart stjórnarskrá skuli sæta sömu réttarfarslegu takmörkunum og gilda almennt um málalíbúnað fyrir dómstólum. Það er e.t.v. ekki einhlýtt að Hæstiréttur vísi til fyrri dóma en það eru þó mörg dæmi þess, sér í lagi í veigameiri málum þar sem stjórnarskráin er undir. Í málinu 67/1999 er t.d. vísað um rökstuðning fyrir niðurstöðu til annars máls. Þá var í mál-

inu 38/2002 vísað til dóms „... Hæstaréttar í dómasafni 1998, bls. 3740...“ Í báðum málunum var deilt um hvort tiltekna aðgerðir samræmdust stjórnarskrá. Taldi Hæstiréttur ástæðu til þess, að minnsta kosti í þessum tilfellum þegar hann rökstuddi ekki tiltekna niðurstöðu sína í dómi, að vísa til rökstuðnings réttarins um niðurstöðuna til annars máls. Það var hins vegar ekki gert í málinu nr. 511/2005 og er þar af leiðandi ekki hægt að ráða af dómnum hvað olli þessari stefnubreytingu réttarins.

Þetta misræmi á framangreindum dómum Hæstaréttar vekur m.a. þessar spurningar: Getur 3ja manna dómur í svokallaðri B deild Hæstaréttar ýtt til hliðar niðurstöðu fimm manna dóms í A deild réttarins? Er A deildin bundin af þessari úrlausn B deildarinnar? Eða er von á því að A deildin miði við niðurstöðu málsins nr. 117/2001 þegar sambærilegt álitaefni kemur næst til kasta A deildarinnar? Mun B deildin fylgja eftirleiðis fordæmi máls nr. 511/2005? Í framhaldi þessa má spyrja hvort að í reynd séu margir dómstólar undir safnheitinu „Hæstiréttur“? Hæstaréttardómarar eru níu talsins. Ljóst er að tölfraðilegir möguleikar á mismunandi samsetningu dómsins í þriggja og fimm manna deildum eru fjölmargir. Raunin er enda sú að dómstóllinn er mismunandi skipaður frá einu máli til annars sem að leiða kann af sér misræmi milli úrlausna hans.

Niðurstaðan af þessum stuttu vangaveltum er sú að ef til vill sé það fyrirkomulag að reka Hæstarétt í tveimur deildum fremur óheppilegt og það sé í þágu aukins réttaröryggis að ganga skrefið til fulls og hafa dómstiginn þrjú, breyta B deildinni formlega í millidómstig og hafa Hæstarétt í einni deild.



Nýsamþykkt lög frá Alþingi

Á síðasta þingi var samþykktur fjöldi nýrra laga sem eru áhugaverð fyrir lögmenn. Hér á eftir verður leitast við að gera grein fyrir nokkrum af þeim nýmælum sem í lögnum felast.

Lög nr. 139/2005

Um starfsmannaleigur

Í lögnum er kveðið á um að hver sá sem vill veita starfsmannaleigubjónustu hér á landi skuli tilkynna um það til Vinnumálastofnunar áður en starfsemi hefst. Með lögnum er starfsemi starfsmannaleiga frá öðrum ríkjum en EES-ríkjunum óheimil nema samningar sem Ísland á aðild að heimili slíkt. Þá er kveðið á um að starfsmannaleiga skuli hafa fulltrúa hér á landi. Vinnumálastofnun hefur eftirlit með framkvæmd laganna og ber starfsmannaleigu að afhenda Vinnumálastofnun þær upplýsingar er stofnunin telur nauðsynlegar þ.m.t. ráðningarsamninga. Hafi Vinnumálastofnun krafist þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleiga fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar, getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

Lög nr. 9/2006

Breytingar á höfundalögum nr. 73/ 1972

Með lögnum eru rýmkaðar heimildir einstaklinga til eftirgerðar eintaka af birtum verkum frá því sem nú er, þannig að fjöldatakmörkun eintaka er afnumin. Verða verkin þó að vera til einkanota eingöngu, og ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi. Í lögnum er einnig að finna svokallaða „tæmingarreglu“ sem kveður á um að hafi eintak af verki með samþykki höfundar verið selt eða með öðrum hætti framselt til annarra innan Evrópska efnahagssvæðisins, sé frekari dreifing þess heimil. Kveða lög in á um að óheimilt sé að sniðganga tæknilegar ráðstafanir sem

eru ætlaðar til þess að vernda verk svo og að framleiða, flytja inn, dreifa, selja, leigja, auglýsa til sölu eða leigu eða eiga í viðskiptalegum tilgangi búnað, vörur eða íhluti sem eru kynnt eða auglýst eða framleidd í því skyni að komast fram hjá tæknilegum ráðstöfunum. Slík eintakagerð einstaklinga er þó refsilaus. Bannið gildir þó ekki um vernd tölvuforrita.

Lög nr. 21/2006

Breytingar á lögum nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 37/2002 um atvinnuréttindi útlendinga.

Lög þessi leggja þá skyldu á atvinnurekanda að tilkynna til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litváens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands eða Ungverjalands til starfa fram til 1. maí 2009. Tilkynningunni skal fylgja ráðningarsamningur sem tryggir útlendingnum laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Þá skal vinnumálastofnun afhenda stéttarfélagi í viðkomandi starfsgrein á svæði því

sem útlendingur skv. 1. mgr. starfar á afrit af ráðningarsamningi útlendingans óski stéttarfélagið eftir því enda liggja fyrir grunur um brot á gildandi kjarasamningi.

Lög nr. 53/2006

Öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum.

Í lögnum er kveðið á um að ef sá sem telur sig réttihafa hugverkaréttinda eða sá sem lögum samkvæmt hefur heimild til að hagnýta þau, gerir sennilegt að einhver hafi brotið gegn þeim réttindum er heimilt að kröfu hans sem gerðarbeiðanda að afla sönnunargagna samkvæmt lögnum hjá viðkomandi sem gerðarþola. Sýslumenn og löglerðir fulltrúar þeirra veita atbeina til öflunar sönnunargagna á grundvelli laganna að undangengnum dómsúrskurði. Sönnunar verður aflað á stað sem gerðarþoli hefur umráð yfir með athugun á öllum þeim gögnum og tækjum sem haft geta þýðingu við mat á því hvort og í hvaða mæli brotið hafi verið gegn hugverkaréttindum. Nær könnunin meðal annars til söluvöru, véla og framleiðslutækja, bókhaldsgagna, pöntunarseðla og kynningarefnis

Hvernig eyðir þú viðkvæmum upplýsingum?

www.gagnaeyding.is

Lög nr. 94/2006

Verðbréfavíðskipti (útboðs- og skráningarlýsingar, EES-reglur)

Með lögnum er komin ný skilgreining á fagfjárfestum inn í núgildandi lög um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003. Geta nú bæði einstaklingar svo og lítil og meðalstór fyrirtæki óskað eftir því við Fjármálaeftirlitið að verða viðurkennd sem fagfjárfestar og skal Fjármálaeftirlitið halda sérstaka skrá yfir þessa aðila.

Lög nr. 89/2006

Hlutafélag (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda) og lög nr. 93/2006 einkahlutafélag (stjórnhættir, starfskjör stjórnenda)

Lög þessi breyta núgildandi hlutafélagalögum nr. 2/1995 og einkahlutafélagalögum nr. 138/1994. Kveða lögin á um að félög sem uppfylla tiltekin skilyrði um stærð svo og öll félög sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eða leggja ekki hömlur á víðskipti með eignarhluta beri skylda til að setja árlega fram starfskjarastefnu.

Í starfskjarastefnunni skulu koma fram grundvallaratriði stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnendur og stjórnarmenn hvað varðar ákvæði um umbun í formi hlutabréfa, kaupréttar, söluréttar, forkaupsréttar eða annars konar greiðslna sem byggjast á verði hlutabréfa í félaginu.

Lög nr. 69/2006

Breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar (sameiginleg forsjá barna o.fl.)

Með lögnum er núgildandi barnalögum nr. 76/2003 breytt þannig að eftirleiðis fara foreldrar sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið. Skulu foreldrar þó ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Sýslumaður skal tilkynna þjóðskrá hjá hvoru foreldra barnið eigi lögheimili. Lögin gera einnig þá breytingu á hjúskaparlögum nr. 31/1993 að heimila sérstaklega fjárnám fyrir fjárframlögum til framfærslu

skv. 49. gr. hjúskaparlaga og lífeyri skv. 51. gr. laganna á grundvelli úrskurðar sýslumanns eða staðfestum samningi sýslumanns.

Lög nr. 85/2006

Starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða

Lögin eru breytingalög við lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða. Lögin mæla m.a. fyrir um skyldu stjórnar kauphallar til þess að fella af skrá þau verðbréf sem að hennar mati uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru í lögum um slíka skráningu eða öðrum reglum sem hún hefur sett um skráningu bréfanna. Með þessari heimild verður hægt að refsa útgefanda vegna grófra eða ítrekaðra brota á þeim reglum sem gilda um skráningu í kauphöllinni. Þá er stjórn kauphallar auk þess heimilt að skilyrða skráninguna. Með því opnast leið til að setja verðbréf á sérstakan lista.

Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl. tók saman.



Viðurkennd próf í ensku lagamáli

Cambridge

INTERNATIONAL LEGAL ENGLISH CERTIFICATE

ILEC er skírteini um lögfræðilega tungumálakunnáttu, sem þróað hefur verið hjá Cambridge University (ESOL). Tvisvar á ári eru boðið 2-6 vikna námskeið til undirbúnings ILEC prófs, undir leiðsögn kennara með langa reynslu. Námskeiðið er sniðið að þörfum lögmannna og laganema, sem hafa góðan grunn í ensku og eru í samskiptum við erlenda aðila. Ekki er um að ræða staðlað námskeið, því þarfir hvers og eins eru ræddar og metnar á fyrsta degi.

London

TOLES - TEST OF LEGAL ENGLISH SKILLS

TOLES skírteini er þróað af fagmönnum til að prófa þekkingu og hæfni lögmannna og laganema til að sinna daglegum verkefnum sem upp koma í starfi þeirra í enskumælandi umhverfi. Sex sinnum á ári eru í boði einnar viku námskeið til undirbúnings TOLES prófi. Námskeiðin eru fyrir fyrir þá sem hafa góðan grunn í ensku og kennarar eru sérhæfðir í kennslu á þessu sviði. Unnið er í þjálfun faglegs orðaforða, auk notkunar orðasambanda og hugtaka.

Executive
& Professional
Language Training

lingo
MÁLAMÍÐLUN

WWW.LINGO.IS • SÍMI 562.2220



BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti Íslands

Guðrún Helga Brynleifsdóttir hrl. Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.

Vegmúla 2
108 Reykjavík
Sími: 515-7400
Fax: 515-7401

Ný málflytningaréttindi fyrir Héraðsdómi.

Bergur Elín Benediktsdóttir hdl.

Fulltingi lögfræðipjónusta
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 553-2050
Fax: 533-2060

Árni Hrafn Gunnarsson hdl.

Lex lögmannsstofa ehf.
Sundagöðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Jóhann Haukur Hafstein hdl.

Lex lögmannsstofa ehf.
Sundagöðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Ármann Fr. Ármannsson hdl.

Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut
Júlíusdóttir lögmennt ehf.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206
Fax: 511-1207

Heiða Óskarsdóttir hdl.

Sjóvá
Kringlunni 5
103 Reykjavík
Sími: 440-2056
Fax: 440-2090

Pormóður Skorri Steingrímsson hdl.

Lögmennt Árbæ sf.
Nethyl 2
110 Reykjavík
Sími: 568-1245
Fax: 568-1259

Torfi Ragnar Sigurðsson hdl.

Lögmennt Suðurlandi
Austurvegi 3
800 Selfoss
Sími: 480-2900
Fax: 482-2801

Geir Gestsson hdl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100
Fax: 414-4101

Auður Björg Jónsdóttir hdl.

Lögmannsstofa Jóns Egilssonar
Knarrarvogi 4
104 Reykjavík
Sími: 568-3737
Fax: 5683740

Guðrún Dýrleif Kristjánsdóttir hdl.

Lex lögmannsstofa ehf.
Sundagöðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Sigrún Helga Jóhannsdóttir hdl.

Fulltingi lögfræðipjónusta
Suðurlandsbraut 18
Sími: 422-2050
Fax: 533-2060

Einar Hugi Bjarnason hdl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100
Fax: 414-4101

Helga Hauksdóttir hdl.

Tollstjórnin í Reykjavík
Tryggvagötu 19
101 Reykjavík
Sími: 560-0416
Fax: 552-5826

Ragnheiður Porkelsdóttir hdl.

DP lögmennt
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík
Sími: 561-7755
Fax: 561-7745

Jóhanna Helga Halldórsdóttir hdl.

Póst- og fjarskiptastofnun
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 5101521
Fax: 510-1509

Sesselja Sigurðardóttir hdl.

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík
Sími: 545-9933
Fax: 562-4878

Guðrún Finnborg Þórðardóttir hdl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur
Vegmúla 2
108 Reykjavík
Sími: 515-7400
Fax: 515-7401

Daníel Isebarn Ágústsson hdl.

Landslög
Hafnarhvoli
101 Reykjavík
Sími: 520-2900
Fax: 520-2901

Rannveig Borg Sigurðardóttir hdl.

Landwell
Skógarhlíð 12
105 Reykjavík
Sími: 550-0506
Fax: 550-0506

Unnur Erla Jónsdóttir hdl.

Vátryggingafélag Íslands
Ármúla 3
Sími: 560-5000
Fax: 560-5108

Skúli Þór Gunnsteinsson hdl.

Sýslumaðurinn í Reykjavík
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Sími: 569-2400
Fax: 451-8415

Guðbjörg Helga Hjartardóttir hdl.

LOGOS lögmannsstofa
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Kjartan Vilhjálmsson hdl.

Tryggingamiðstöðin hf.
Aðalstræti 6-8
101 Reykjavík
Sími: 515-2000
Fax: 515-2040

Jóhanna Lára Guðbrandsdóttir hdl.

Tollstjórnin í Reykjavík
Tryggvagötu 19
101 Reykjavík
Sími: 560-0456
Fax: 560-0434

Regin Freyr Mogensen hdl.

Samkeppnisefirlitið
Rauðarárstígur 10
125 Reykjavík
Sími: 552-7422
Fax: 562-7422

Nýr vinnustaður:

Hrund Kristinsdóttir hdl.

KB banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6120
Fax: 4446189

Ásdís J. Rafnar hrl.

Borgarlögmennt
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-1330
Fax: 533-1331

Hulda Rós Rúriksdóttir hdl.

Borgarlögmennt
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-1330
Fax: 533-1331

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Borgarlögmennt
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-1330
Fax: 533-1331

Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.

Borgarlögmennt
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
Sími: 533-1330
Fax: 533-1331

Valgerður Valdimarsdóttir hdl.

Borgarlögmennt
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
Sími: 533-1330
Fax: 533-1331

Þórhallur Haukur Þorvaldsson hdl.

Juris lögmannsstofa
Lágmúla 7, 5.hæð
108 Reykjavík
Sími: 588-4400
Fax: 588-4410

Lárentsínus Kristjánsson hrl.

Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf.
Vegmúla 2
Sími: 515 -7400
Fax: 515-74001

Inga Björg Hjaltadóttir hdl.

Acta lögmannsstofa
Síðumúla 35
108 Reykjavík
Sími: 533-3200
Fax: 422-3201

Hildur Sólveig Pétursdóttir hdl.

Virtus lögmenn
Laugavegi 170, 3.hæð
Sími: 414-3200
Fax: 414-3249

Ólafur Eiríksson hdl.

LOGOS lögmannsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Hulda Árnadóttir hdl.

Lex lögmannsstofa
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Jóhann Baldursson hdl.

Landhelgisgæslan
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
Sími: 545-2034
Fax: 545-2040

Óttar Pálsson hrl.

Straumur Burðarás – fjárfestingabanki
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 580-9100
Fax: 580-9101

Sigríður Thorlacius hdl.

Reykjavíkurborg – menntasvið
Frikirkjuvegi 1
101 Reykjavík
Sími: 411-7000
Fax: 411-7050

Bernhard Bogason hdl.

Suðurlandsbraut 12
105 Reykjavík
Sími: 591-4400
Fax: 591-4401

Nýtt aðsetur:**Lögmannsstofa Hreins Pálssonar hrl.**

Hreinn Pálsson hrl.
Hofsbot 4
Pósthólf 53
602 Akureyri
Sími: 461-1542
Fax: 461-1878

Páll Arnór Pálsson hrl.

PACTA – Málflutningur & ráðgjöf
Laugavegi 97-99
101 Reykjavík
Sími: 440-7900
Fax: 440-7901

Pórunn Anna Árnadóttir hdl.

PACTA- Málflutningur & ráðgjöf
Laugavegi 97-99
101 Reykjavík
Sími: 440-7900
Fax: 440-7901

Lögmat ehf.

Björn Daníelsson hdl.
Pverholti 14
105 Reykjavík
Sími: 511-3600
Fax: 511-3601

Lögmannsstofa Kristínar Briem hrl.

Húsi verzlunarinnar 3.hæð
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 520-3350
Fax: 581-3350

Jón Magnússon hrl.

Skeifunni 19
108 Reykjavík
Sími: 568-8500
Fax: 533-1063

Magnús H. Magnússon hrl.

Sigurjónsson & Thor ehf.
Lágmúla 7, 3.hæð
108 Reykjavík
Sími: 551-1043
Fax: 562-2633

Valborg Kjartansdóttir hdl.

Sigurjónsson & Thor
Lágmúla 7, 3.hæð
108 Reykjavík
Sími: 551-1043
Fax: 562-2633

Bjarni Hauksson hdl.

Hátúni 6a
105 Reykjavík
Sími: 512-1250
Fax: 512-1213

KB LÍFEYRIR

... þú átt það inni!

Þegar þú þarft ekki lengur að mæta til vinnu eftir langa starfsævi viltu njóta lífsins. Búðu þig undir spennandi starfslok með því að ávaxta skyldu- og viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn hjá KB banka í KB Lífeyri.

Yfir 70 þúsund einstaklingar eru með lífeyrissparnað sinn í KB Lífeyri og þeir sem eru einnig í viðskiptum við KB banka njóta enn betri kjara í bankþjónustu.

Kynntu þér KB lífeyri í næsta útibúi eða í síma 444 7000.

KB Lífeyrir samanstendur af Frjálsa lífeyrissjóðnum, Vista og Lífeyrisauka.





VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtupjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.

T TCM INNHEIMTA
C SUDURLANDSBRAUT 4A
M 108 REYKJAVÍK
www.tcm.is